

Utanríkisráðuneytið

Verklagsreglur samstarfs utanríkisráðuneytisins við frjáls félagasamtök vegna neyðar- og mannúðaraðstoðar

Framlög til alþjóðastofnana og frjálsra félagasamtaka greiðast af fjárlagaliðnum *mannúðarmál og neyðaraðstoð* og miðað er við að framlögin skiptist jafnt milli alþjóðastofnana og frjálsra félagasamtaka. Framlög til frjálsra félagasamtaka eru veitt í samræmi við stefnu og forgangsröðun stjórnvalda til félagasamtaka sem uppfylla skilyrði sem utanríkisráðuneytið setur.

Skilgreindir hafa verið tveir flokkar neyðar og mannúðaraðstoðar, annars vegar vegna langvinnis neyðarástands og hins vegar vegna skyndilegra hamfara. Utanríkisráðuneytið tekur við umsóknum um styrki vegna langvinnis neyðarástands tvisvar á ári. Við afgreiðslu framlaganna tekur nefndin mið af leiðbeinandi lista yfir lönd, svæði og svið sem sérstaklega verður horft til á komandi ári vegna langvinnis neyðarástands og er gefinn út af utanríkisráðuneytinu í nóvember á hverju ári. Fjallað er einnig um umsóknir vegna skyndilegra hamfara og neyðarástands og gerir skrifstofa þróunarsamvinnu tillögur til utanríkisráðherra um viðbrögð stjórnvalda. Utanríkisráðuneytið getur kallað saman sérfræðinga á sviði neyðar- og mannúðaraðstoðar til að meta umsóknir þegar það á við.

1. Inngangur

Megin markmið neyðar- og mannúðaraðstoðar er að bjarga mannlífum og lina þjáningar fórnarlamba náttúrhamfara, stríðsástands, stórslysa eða annarra hörmunga. Milljónir manna, þjást vegna þurrka, flóða, sjúkdóma, hungurs og fátæktar um heim allan, mest þó í fátækum löndum og hefur neyðar- og mannúðaraðstoð því aukist á undanförunum árum. Einnig er mikilvægt að styrkja samfélög á hamfarasvæðum með verkefnum sem koma í veg fyrir hamfarir og stuðla að þróun og sjálfbærni samfélaganna. Ísland hefur á undanförunum árum aukið framlög sín til þróunarmála og samhliða hefur samstarf við alþjóðastofnanir og frjáls félagasamtök sem starfa að neyðar- og mannúðarmálum aukist.

Stefnumið Íslands í þróunarsamvinnu 2005-2009 sem gefin voru út árið 2005, byggja á eftirfarandi stöðum:

1. Mannauður, jafnrétti og efnahagsleg þróun.
2. Lýðræði, mannréttindi og stjórnarfar.
3. Friður, öryggi og þróun.
4. Sjálfbær þróun.

Eins og fram kemur í stefnumiðunum eru frjáls félagasamtök mikilvægir þátttakendur í þróunarsamvinnu og vinna ómetanlegt starf bæði með framkvæmd þróunarverkefna sem og með umfjöllun um þróunarlönd og þróunarmál. Styrkur frjálsra félagasamtaka felst meðal annars í virku grasrótastarfi, fjölbreyttum fjármögnunarleiðum og þekkingu og reynslu af störfum í þróunarríkum. Stefna stjórnvalda er að samhliða auknum framlögum til þróunarmála verði samstarf við frjáls félagasamtök eflt og stuðningur við þau aukinn.

Neyðar- og mannúðaraðstoð greinist annars vegar í aðstoð vegna *mannúðarmála og langvinnis neyðarástands* og hins vegar vegna *skyndilegra hamfara og neyðartilfella*.

Utanríkisráðuneytið hefur fyrirvar í samvinnu stjórnvalda við félagasamtök á sviði *mannúðar- og neyðaraðstoðar*.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSI) hefur fyrirvar í samvinnu stjórnvalda við félagasamtök um verkefni sem teljast til *þróunarsamvinnu*. Utanríkisráðuneytið vísar öllum erindum þess efnis til ÞSSI.¹

Frjáls félagasamtök sem sækjast eftir samstarfi eða fjárhagslegum stuðningi utanríkisráðuneytisins skulu taka mið af áherslum íslenskra stjórnvalda sem sett eru fram í stefnumiðunum.

Verklagsreglur þessar gilda einungis um samvinnu á sviði neyðar- og mannúðaraðstoðar.

¹ Verkefni á sviði þróunarsamvinnu miða að því að minnka fátækt og bæta efnahagslega og félagslega þróun sem lengri tíma markmið, en mannúðaraðstoð miðar að því að bjarga mannlífum og lina þjáningar sem skemmri tíma markmið.

2. Íslensk neyðar- og mannúðaraðstoð

Utanríkisráðuneytið hefur fyrirsvor um veitingu fjármuna til neyðar- og mannúðaraðstoðar og skiptast framlögin milli alþjóðastofnana og frjálsra félagasamtaka.

Fjárlagaliður 03-391-1.30 *Mannúðarmál og neyðaraðstoð* er ætlaður fyrir stuðning við verkefni alþjóðastofnana og frjálsra félagasamtaka vegna neyðar- og mannúðaraðstoðar.

Miðað er við að helmingur þessa fjárlagaliðar renni til starfsemi félagasamtaka.

Gerður er greinarmunur á fjárframlögum til verkefna félagasamtaka vegna *mannúðarmála og langvinnis neyðarástands* annars vegar og *skyndilegra hamfara og neyðartilfella* hins vegar.

3. Markmið með samstarfi við frjáls félagasamtök

Með stuðningi við starf frjálsra félagasamtaka hefur utanríkisráðuneytið að leiðarljósi, að samstarfið:

- auki vídd íslenskrar neyðar- og mannúðaraðstoðar.
- auki hagkvæmni og bæti árangur neyðar- og mannúðaraðstoðar.
- bjóði upp á samstarf mismunandi aðila, svo sem grasrótastarf, starf alþjóðlegra samtaka og samtaka á vettvangi.
- auki möguleika íslenskra ríkisborgara á beinni aðkomu að neyðar- og mannúðaraðstoð.
- færi stjórnvöldum aukna þekkingu á málefnum fátækra ríkja.

4. Almenn viðmið um stuðning við neyðar- og mannúðaraðstoð

Megin markmið neyðar- og mannúðaraðstoðar er að bjarga mannlífum og lina þjáningar á hamfarasvæðum og/eða svæðum þar sem er viðvarandi neyðarástand.

Stuðst er við eftirfarandi viðmið um neyðar- og mannúðaraðstoð:

- Aðstoð er fyrst og fremst veitt til að lina mannlegar þjáningar á hamfarasvæðum.
- Aðstoð skal taka mið af aðstæðum á hamfarasvæðum og leitast skal við að nýta aðstæður og þekkingu heimamanna.
- Aðstoð skal vera óhlutdræg og mismuna ekki móttakendum aðstoðar, svo sem á grundvelli kynþáttar, trúar, stjórnmálaskoðana eða kynferðis.
- Aðstoð skal veita á grundvelli þarfa, en ekki á grundvelli framboðs.
- Forðast ber skörun við störf annarra hjálparstofnana.
- Óheimilt er að nota framlög utanríkisráðuneytisins til að stunda trúboð.

5. Neyðar- og mannúðaraðstoð í samstarfi við frjáls félagasamtök.

Neyðar- og mannúðaraðstoð er veitt þegar neyðarástand hefur skapast, hvort sem það er af völdum náttúruhamfara, stríðsátaka, hungursneyðar eða af öðrum örsökum.

Reglur þessar gilda um neyðar- og mannúðaraðstoð til þeirra ríkja er teljast til þróunarlanda skv. lista OECD-DAC, (sjá í viðauka I). Veita má aðstoð til annarra ríkja í undantekningartilfellum.

5.1. Meginviðmið samstarfs við frjáls félagasamtök

Skilyrðin sem utanríkisráðuneytið setur frjálsum félagasamtökum í neyðar- og mannúðaraðstoð eru:

- Að félagasamtökin séu löglega skráð á Íslandi, séu ekki rekin í hagnaðarskyni og hafi starfað í a.m.k. eitt ár.
- Hafi a.m.k. 30 félagsmenn eða styrktaraðila.
- Hafi lög, stjórn og stjórnarformann.
- Leggi fram ársreikninga samþykkt af löggiltum endurskoðanda.
- Að félagasamtökin hafi reynslu af störfum í þróunarríkjum eða starfi náð með samtökum, alþjóðlegum eða innlendum, sem hafa reynslu af störfum í þróunarríkjum.
- Stuðningur við félagasamtök taki tillit til jafnréttissjónarmiða.

5.2. Styrkumsóknir og fylgiskjöl

Einungis er tekið við umsóknum sem skilað er inn á þar til gerðum eyðublöðum sem hægt er að nálgast hjá utanríkisráðuneytinu og á vef utanríkisráðuneytisins.

Með umsóknum þarf að leggja fram eftirfarandi fylgigögn:

1. Nafnalista yfir skipan stjórnar samtakanna.
2. Skipurit samtakanna.
3. Ljósrit af löglegri skráningu samtakanna.
4. Ljósrit af lögum samtakanna.
5. Yfirlit um verkefni og áherslur samtakanna, í hvaða löndum þau starfa og umfang starfseminnar.
6. Greinargerð um starfshætti og verklag samtakanna þ.m.t. upplýsingar um verkefnaundirbúning, framkvæmd og eftirlit.
7. Ársskýrslu síðasta starfsárs.*
8. Ársreikninga síðasta starfsárs samþykkt af löggiltum endurskoðanda.*

Atriði 1 til 6 ber að leggja fram samhliða fyrstu umsókn og ávallt þegar breytingar verða á umræddum atriðum. Atriði 7 og 8 ber að leggja fram með hverri umsókn, þó ekki oftárlega. Utanríkisráðuneytið áskilur sér rétt til að óska eftir frekari gögnum ef þörf er á.

6. Mannúðarmál og langvinnt neyðarástand

Í nóvembermánuði ár hvert leggur utanríkisráðuneytið fram leiðbeinandi lista yfir lönd, svæði og svið sem sérstaklega verður horft til á komandi ári vegna langvinnns neyðarástands.

Félagasamtök geta sótt um styrk vegna eigin verkefna, í samstarfi við félagasamtök í móttökulandinu, eða sem aðili að alþjóðasamtökum. Félagasamtökin skulu eftir mætti vera virkir þátttakendur í verkefninu ef framkvæmd þess er á hendi þriðja aðila. Slík þátttaka getur t.d. falist í undirbúningi, aðkomu að framkvæmd, eftirliti, úttektum eða útsendu starfsliði.

Auk almennra skilyrða sem félagasamtök þurfa að uppfylla skv. lið 5.1 eru eftirfarandi atriði höfð til hliðsjónar við mat á umsóknum um aðstoð:

- Hvort OCHA (Samræmingarskrifstofa SÞ.) hafi gefið út stuðningsákall (*Consolidated Appeal*) í tengslum við langvarandi neyðarástand.
- Árleg beiðni Alþjóðaráðs Rauða krossins.
- Hvort verkefni félagasamtaka séu samhæfð eða taki mið af starfi S.þ. í viðkomandi landi.
- Þekking, færni og geta samtakanna til að framkvæma verkefnið.
- Að viðkomandi félagasamtök starfi ekki í óþökk stjórnvalda í viðkomandi landi eða landsvæði.
- Að vandað sé til undirbúnings verkefnisins. Fyrir liggi verkefnisskjal, með markmiðslýsingu, framkvæmda- og fjárhagsáætlun.
- Hvaða árangri verkefninu er ætlað að ná, hvernig verkefninu verði lokið eða komið í hendur heimamanna.
- Að viðkomandi félagasamtök leggi 20% mótframlag með framlagi íslenskra stjórnvalda.
- Að verkefnið nái beint til fórnarlamba viðkomandi neyðarástands.
- Að haft sé samstarf, eftir því sem kostur er, við stofnanir, samtök og heimamenn á viðkomandi svæði.
- Hvort verkefnið taki tillit til sérstakra þarfa hópa fórnarlamba, s.s. kvenna, barna, fatlaðra o.s.frv.

- Að eftirlit sé með verkefninu og fylgt sé viðurkenndum alþjóðlegum starfsháttum við úttektir.

6.1. Meðferð umsókna

Tekið er á móti umsóknum tvisvar á ári. Umsóknum skal skila inn til utanríkisráðuneytisins á til þess gerðu eyðublaði fyrir 15. mars og/eða 15. september ár hvert og er miðað við að umsóknum sé svarað innan fjögurra vikna. (Sjá viðauka II).

Umsóknir eru metnar af skrifstofu þróunarsamvinnu sem gerir tillögu um úthlutanir til utanríkisráðherra. Stýrihópur um alþjóðlega þróunarsamvinnu fjallar um umsóknirnar. Utanríkisráðuneytið getur kallað saman sérfræðinga á sviði neyðar- og mannúðaraðstoðar til að meta umsóknir þegar það á við.

6.2. Framkvæmd, eftirlit og skýrslugjöf

Gerðir eru skriflegir samningar um öll verkefni. Í samningum er m.a. kveðið á um útborganir styrkja, meðferð fjármuna, skýrsluskil, úttektir, aðgengi að upplýsingum og uppsagnarákvæði, (sjá viðauka IV). Sé um tímabundið verkefni að ræða skal skila skýrslu til utanríkisráðuneytisins þremur mánuðum eftir lok verkefnis en eigi síðar en sex mánuðum síðar. Utanríkisráðuneytið áskilur sér rétt til að skilyrða styrkveitingar og ákveða að styrkir verði greiddir út í samræmi við framvindu verkefnis. Sé sótt um styrk til framhaldsverkefna þarf framvinduskýrsla að liggja fyrir.

6.3. Rammasamningar

Heimilt er að gera rammasamninga við félagasamtök vegna einstakra verkefna á sviði mannúðarmála og langvinnis neyðarástands. Samningar geta verið til allt að 3 ára. Grundvöllur rammasamnings skal vera verkefnisskjal og skal samningurinn kveða skýrt á um efnislegar og fjárhagslegar skuldbindingar beggja aðila.

6.4. Umsýslukostnaður

Samningar utanríkisráðuneytisins við félagasamtök kveða á um hlutfall framlags sem renna má til umsýslukostnaðar. Almennt er miðað við að félagasamtökum sem vinna að eigin verkefnum í þróunarlöndum sé heimilt að halda eftir allt að 10% af framlagi utanríkisráðuneytisins vegna umsýslukostnaðar.

Félagasamtökum sem fá framlög vegna verkefna sem framkvæmd eru af þriðja aðila, t.d. af systursamtökum í þróunarlöndum eða alþjóðasamtökum, er heimilt að halda eftir allt að 5% af framlagi utanríkisráðuneytisins vegna umsýslukostnaðar.

7. Skyndilegar hamfarir og neyðartilfelli

Aðstoð er veitt vegna skyndilegra hamfara og neyðartilfella, svo sem vegna náttúruhamfara, farsóttta eða stríðsátaka. Utanríkisráðuneytið tekur í þessum tilfellum fyrst og fremst mið af neyðarkalli (*Emergency Appeal*) frá Sameinuðu þjóðunum, Alþjóðaráði Rauða krossins (ICRC) og Alþjóðasambandi Rauða kross félaga (IFRC). Einnig skal taka mið af eftirfarandi þáttum:

- Hvort viðkomandi ríki hafi farið fram á aðstoð annarra ríkja og/eða alþjóðastofnana.
- Umfangi og alvarleika viðkomandi neyðartilfellis.
- Getu heimamanna til að bregðast við viðkomandi neyðartilfelli.
- Yfirlýst aðstoð annarra ríkja vegna viðkomandi neyðartilfellis.

Aðstoð vegna skyndilegra hamfara og neyðartilfella skal miða að því að veita:

- skjól.
- fæðu og tryggja fæðuöryggi.
- drykkjarvatn og hreinlætisaðstöðu.
- lækniástoð og heilsugæslu.
- flóttamannahjálp.

Neyðaraðstoð vegna skyndilegra hamfara og neyðartilfella er aðallega veitt í samvinnu við alþjóðastofnanir og sem búa yfir nauðsynlegri þekkingu og reynslu og stýrir samhæfingu aðgerða.

Félagasamtök geta einnig sótt um framlög frá ráðuneytinu vegna verkefna sem tengjast skyndilegum hamförum og neyðartilfellum og þurfa að geta sýnt fram á eftirfarandi:

- reynslu og þekkingu á viðkomandi hamfarasvæðum.
- kunnáttu og sérfræðiþekkingu til að mæta þeim vanda sem steðjar að á viðkomandi hamfarasvæði
- getu sína til að framkvæma og stýra fyrirhugðum aðgerðum.
- geta greitt 10-20% mótframlag til viðkomandi verkefnis, eftir eðli og umfangi neyðarástandsins.

Að öðru leyti gilda sömu viðmið og í liðum 5.1 og 5.2. um þau atriði sem höfð eru til hliðsjónar við mat á umsóknum.

7.1. Meðferð umsókna

Þegar skyndilegar hamfarir eða neyðartilfelli eiga sér stað og beiðnir þar að lútandi berast utanríkisráðuneytinu fer skrifstofa þróunarsamvinnu yfir beiðnir og gerir tillögu til utanríkisráðherra um viðbrögð stjórnvalda. Í kjölfar ákvörðunar utanríkisráðherra, og ríkisstjórnar sé þess þörf, er félagasamtökum sendar upplýsingar um:

- Áætlaða aðstoð stjórnvalda.
- Hver áætluð upphæð þeirrar aðstoðar eigi að fara til verkefna á vegum félagasamtaka.
- Umsóknarfrestur félagasamtaka í tengslum við fyrirhugaða aðstoð.

Umsóknir félagasamtaka skulu metnar svo fljótt sem auðið er tillögur gerðar til utanríkisráðherra um samstarf við félagasamtök.

Umsóknum þarf að skila til utanríkisráðuneytisins á til þess gerðu eyðublaði, sjá viðauka III).

7.2. Framkvæmd, eftirlit og skýrslugjöf

Gerðir eru skriflegir samningar um öll verkefni. Í samningum er m.a. kveðið á um útborganir styrkja, meðferð fjármuna, skýrsluskil, úttektir, aðgengi að upplýsingum og uppsagnarákvæði, (sjá viðauka IV).

Séu framlög til félagasamtaka falin í kostun á störfum alþjóðahreyfinga þeirra á neyðarsvæðum skulu framvinduskýrslur og lokaskýrslur hlutaðeigandi samtaka sendar utanríkisráðuneytinu þegar þær liggja fyrir. Endurskoðaðir reikningar fyrir viðkomandi neyðarstarf skulu einnig sendir ráðuneytinu.

Sé um framlög til íslenskra félagasamtaka að ræða skal kveðið á um skýrslugjöf og úttektir í samstarfssamningi.

7.3 Umsýslukostnaður

Almennt er reiknað með að framlög vegna skyndilegra hamfara og neyðartífella renni um hendur íslenskra félagasamtaka til alþjóðasamtaka sem sjá um framkvæmd aðstoðarinnar. Samningar utanríkisráðuneytisins við félagasamtök kveða á um hlutfall framlags sem renna má til umsýslukostnaðar. Miðað er við að heimilt sé að halda eftir allt að 5% af framlagi utanríkisráðuneytisins vegna umsýslukostnaðar.

7.4 Vanefndir

Sé um vanefndir á samningi að ræða sem brjóta í bága við reglur þessar, áskilur utanríkisráðuneytið sér rétt til að rifta samningi við félagasamtökin og krefjast endurgreiðslu á framlagi sem veitt hefur verið til mannúðar- eða neyðaraðstoðar.

Verklagsreglur samstarfs utanríkisráðuneytisins við frjáls félagasamtök
vegna neyðar- og mannúðaraðstoðar

Viðauki I

DAC List of ODA Recipients
Effective for reporting on 2008, 2009 and 2010 flows

Least Developed Countries	Other Low Income Countries (per capita GNI < \$935 in 2007)	Lower Middle Income Countries (per capita GNI \$936-\$3 705 in 2007)	Upper Middle Income Countries and Territories (per capita GNI \$3 706-\$11 455 in 2007)
Afghanistan	Côte d'Ivoire	Albania	*Anguilla
Angola	Ghana	Algeria	Antigua and Barbuda 1
Bangladesh	Kenya	Armenia	Argentina
Benin	Korea, Dem. Rep.	Azerbaijan	Barbados 2
Bhutan	Kyrgyz Rep.	Bolivia	Belarus
Burkina Faso	Nigeria	Bosnia and Herzegovina	Belize
Burundi	Pakistan	Cameroon	Botswana
Cambodia	Papua New Guinea	Cape Verde	Brazil
Central African Rep.	Tajikistan	China	Chile
Chad	Uzbekistan	Colombia	Cook Islands
Comoros	Viet Nam	Congo, Rep.	Costa Rica
Congo, Dem. Rep.	Zimbabwe	Dominican Republic	Croatia
Djibouti		Ecuador	Cuba
Equatorial Guinea		Egypt	Dominica
Eritrea		El Salvador	Fiji
Ethiopia		Georgia	Gabon
Gambia		Guatemala	Grenada
Guinea		Guyana	Jamaica
Guinea-Bissau		Honduras	Kazakhstan
Haiti		India	Lebanon
Kiribati		Indonesia	Libya
Laos		Iran	Malaysia
Lesotho		Iraq	Mauritius
Liberia		Jordan	*Mayotte
Madagascar		Macedonia, Former Yugoslav Republic of	Mexico
Malawi		Marshall Islands	Montenegro
Maldives		Micronesia, Federated States	* Montserrat
Mali		Moldova	Nauru
Mauritania		Mongolia	Oman 1
Mozambique		Morocco	Palau
Myanmar		Namibia	Panama
Nepal		Nicaragua	Serbia 3
Niger		Niue	Seychelles
Rwanda		Palestinian Administered Areas	South Africa
Samoa		Paraguay	*St. Helena
São Tomé and Príncipe		Peru	St. Kitts-Nevis
Senegal		Philippines	St. Lucia
Sierra Leone		Sri Lanka	St. Vincent and Grenadines
Solomon Islands		Swaziland	Suriname
Somalia		Syria	Trinidad and Tobago 2
Sudan		Thailand	Turkey
Tanzania		*Tokelau	Uruguay
Timor-Leste		Tonga	Venezuela
Togo		Tunisia	
Tuvalu		Turkmenistan	
Uganda		Ukraine	
Vanuatu		*Wallis and Futuna	
Yemen			
Zambia			

* Territory.

(1) Antigua & Barbuda and Oman exceeded the high income country threshold in 2007. In accordance with the DAC rules for revision of this List, both will graduate from the List in 2011 if they remain high income countries until 2010.

(2) Barbados and Trinidad and Tobago exceeded the high income country threshold in 2006 and 2007. In accordance with the DAC rules for revision of this List, both will graduate from the List in 2011 if they remain high income countries until 2010.

(3) At present aid to Kosovo is recorded under aid to Serbia. Kosovo will be listed separately if and when it is recognised by the UN.

As of April 2008, the **Heavily Indebted Poor Countries (HIPC)s** are: Afghanistan, Benin, Bolivia, Burkina Faso, Burundi, Cameroon, Central African Republic, Chad, Comoros, Congo (Dem.Rep.), Congo (Rep.), Côte d'Ivoire, Eritrea, Ethiopia, Gambia, Ghana, Guinea, Guinea-Bissau, Guyana, Haiti, Honduras, Kyrgyz Republic, Liberia, Madagascar, Malawi, Mali, Mauritania, Mozambique, Nepal, Nicaragua, Niger, Rwanda, São Tomé and Príncipe, Senegal, Sierra Leone, Somalia, Sudan, Tanzania, Togo, Uganda and Zambia



Utanríkisráðuneytið

Umsóknareyðublað fyrir frjáls félagasamtök vegna mannúðarmála og langvinnis neyðarástands

Viðauki II

Dagsetning:			
Félagasamtök:			
Ábyrgðarmaður:			
Samstarfsaðili:			
Móttökuland og málaflokkur:			
Tímabil:			
Upphæð sem sótt er um:		Upphæð sem samtökin leggja til:	
Alþjóðlegt neyðarkall:			

Lýsing á neyðarástandi/hamförum: (u.þ.b. 500 stafir).

--

Verklagsreglur samstarfs utanríkisráðuneytisins við frjáls félagasamtök
vegna neyðar- og mannúðaraðstoðar

Umfang og alvarleiki viðkomandi neyðartilfellis.


Yfirlýst aðstoð annarra ríkja vegna viðkomandi neyðartilfellis

Þekking og reynsla á viðkomandi hamfarasvæði:

Kunnátta og þekking á viðkomandi hamförum:

Undirritun ábyrgðarmanna:

Afgreitt hjá utanríkisráðuneytinu: (Dagsetning og undirritun ábyrgðarmanns)



Utanríkisráðuneytið

Umsóknareyðublað fyrir frjáls félagasamtök vegna skyndilegra hamfara eða neyðartilfella

Viðauki III

Dagsetning:			
Félagasamtök:			
Ábyrgðarmaður:			
Móttökuland og málaflokkur:			
Samstarfsaðili:			
Tímabil:			
Upphæð sem sótt er um:		Upphæð sem samtökin leggja til:	
Alþjóðlegt neyðarkall:			
Lýsing á neyðarástandi/hamförum:			
Lýsing á neyðarástandi/hamförum: (u.þ.b. 500 stafir).			

Verklagsreglur samstarfs utanríkisráðuneytisins við frjáls félagasamtök
vegna neyðar- og mannúðaraðstoðar

Umfang og alvarleiki viðkomandi neyðartilfellis.
Yfirlýst aðstoð annarra ríkja vegna viðkomandi neyðartilfellis
Þekking og reynsla á viðkomandi hamfarasvæði:
Kunnátta og þekking á viðkomandi hamförum:
Undirritun ábyrgðarmanna:
<i>Afgreitt hjá utanríkisráðuneytinu: (Dagsetning og undirritun ábyrgðarmanns)</i>

Viðauki IV

Leiðbeinandi listi yfir lönd og svæði (nóvember 2008).

Utanríkisráðherra hefur samþykkt **verklagsreglur um samstarf við frjáls félagasamtök vegna neyðar- og mannúðaraðstoðar**, en samkvæmt grein 6, er gert ráð fyrir að utanríkisráðuneytið leggi fram leiðbeinandi lista yfir lönd og svæði sem sérstaklega verður horft til á komandi ári vegna langvinnis neyðarástands. Lagt er til að litið verði til eftirfarandi málaflokka og svæða/landa:

Málaflokkar:

Neyðarástand vegna styrjalda, vopnaðra átaka, loftslagsbreytinga, eyðimerkurmyndunar og flóða.

Afríka

Afríka sunnan Sahara, þar sem flest fátækustu ríki heims er að finna. Þar má telja fjögur tvíhliða samstarfslönd Íslands, **Malaví, Mósambík, Namibíu og Úganda**. Auk þess verður litið til ríkja í **vestur Afríku**, s.s. **Líberíu, Sierra Leone og Guinea Bissau**, þar sem íslensk frjáls félagasamtök, einstaklingar og fyrirtæki hafa stutt við hin ýmsu þróunar- og neyðarverkefni. Litið verður til **átakasvæðisins vestan við Viktoríuvatn** (e. *Great Lakes Region*), en þar er m.a. að finna **Austurkongó**, (e. Democratic Republic of Congo), **Súdan**, sérstaklega Darfúr-hérað og nágrannalöndin **Tsjad og Miðafríkulýðveldið**.

Miðausturlönd

Áhersla er lögð á stuðning við **Miðausturlönd**. Samkvæmt aðgerðaáætlun sem samþykkt hefur verið og er til þriggja ára, er lögð megináhersla á herteknu svæðin í **Palestínu**, en einnig tekur hún til flóttamanna frá **Írak**, bæði innan Íraks, þ.e. fólks á vergangi (e. *Internally Displaced People*) og flóttamanna í nágrannalöndunum, **Jórdaníu, Sírlandi, Egyptalandi og Líbanon**.

Önnur lönd og svæði

Einstök ríki njóta einnig sérstaks stuðnings vegna neyðar- og/eða mannúðarástands, og má þar nefna **Afganistan**, þar sem íslenska friðargæslan starfar. Loks er sérstök áhersla á **smáeyþróunarríki**, svo sem í Karíba- og Kyrrahafi, en þar hafa áhrif loftslagsbreytinga mikil áhrif á samfélagin.